

## Fréttatilkynning frá Samfylkingunni 31. maí 2011

Vegna tilkynningar frá Samtökum ferðapjónustunnar varðandi stjórnmalaflokka og ráðstefnusali.

Ástæða er til þess að áréttta að Samfylkingin hefur keypt þjónustu af fjölmörgum aðilum í hótél- og veitingahúsarekstri á undanförunum árum. Þegar fundir eru haldnir á vegum flokksins er yfirleitt fundað í félagsaðstöðu Samfylkingarfélaga en ef slíkt húsnæði er ekki til staðar þá er leitað til aðila í hótél- og veitingarekstri með fundaðstöðu eins og hægt er. Fyrst og fremst leitar Samfylkingin eftir góðu húsnæði sem hentar eðli hvers fundar fyrir sig.

Árið 2010 hélt flokkurinn fimm flokkstjórnarfundi, þrjú voru haldnir á Hótel Loftleiðum, einn í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi og einn í Fjölbautaskóla Garðabæjar. Í fundaðerð þingflokks á sl. ári voru haldnir um 30 fundir um allt land langflestir á veitingahúsum, kaffihúsum eða í félagsheimilum.

Á þessu ári hafa verið haldnir tveir flokksstjórnarfundi, einn í Versölum (Hallveigarstíg 1) og hinn í Fjölbautaskóla Garðabæjar. Í fundaðerð Samfylkingarinnar um umbótaskýrslu flokksins á þessu ári, voru haldnir 33 fundir um allt land í Samfylkingarhúsnæði þar sem því var við komið, annars og í meirihluta tilfella var fundað á kaffihúsum, veitingastöðum eða í félagsheimilum. Í maí var fundur á KEA á Akureyri með forsætisráðherra og velferðarráðherra þrátt fyrir að flokkurinn eigi þar húsnæði sem er að öllu jöfnu notað til fundahalda.

Í fundaðerð þingmanna Suðurkjördæmis nú í maí þar sem haldnir voru 10 fundir á það sama við, fundað var á kaffihúsum, veitingastöðum eða í félagsheimilum, ef ekki var til staðar Samfylkingarhúsnæði. Þingmenn norðausturkjördæmis hafa sömuleiðis verið með opna fundi nýlega og þar á það sama við, fundað var á veitingastað og í félagsheimili.

Af ofangreindu er augljóst að Samfylking er ekki á nokkurn hátt að forðast að nýta þjónustu aðila sem tilheyra Samtökum ferðapjónustunnar heldur hefur flokkurinn einmitt átt mjög góð samskipti og töluverð viðskipti við fjölmarga aðila í hótél- og veitingahúsarekstri á undanförunum mánuðum og árum. Ljóst er að skilaboðin sem koma fram í tilkynningu Samtaka ferðapjónustunnar eiga ekki við nokkur rök að styðjast hvað Samfylkinguna varðar.